


expectus

Sóknaráætlun Suðurnesja  
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Mars 2013



# Innihald

Inngangur .....	5	
1 Framtíðarsýn .....	6	
2 Stöðugreining.....	7	
2.1 Atvinnumál og nýsköpun .....		7
2.1.1 Styrkleikar .....		7
2.1.1.1 .....	Mannauður og menning	7
2.1.1.2 .....	Innviðir	7
2.1.1.3 .....	Auðlindir	8
2.1.1.4 .....	Staðsetning	8
2.1.1.5 .....	Stjórnsýsla	8
2.1.1.6 .....	Atvinnulíf	8
2.1.2 Veikleikar .....		8
2.1.2.1 .....	Veik ímynd	8
2.1.2.2 .....	Mannauður og menning	8
2.1.2.3 .....	Atvinnulíf	8
2.1.2.4 .....	Staðsetning	9
2.1.2.5 .....	Stjórnsýsla	9
2.1.3 Ógnanir .....		9
2.1.3.1 .....	Náttúruhamfarir og ofnýting auðlinda	9
2.1.3.2 .....	Stjórnsmál og efnahagsástand	9
2.1.4 Tækifæri .....		9
2.1.4.1 .....	Auðlindir	9
2.1.4.2 .....	Mannauður og menning	9
2.1.4.3 .....	Innviðir	9
2.1.4.4 .....	Atvinnulíf	9
2.1.4.5 .....	Staðsetning	9
2.1.4.6 .....	Stjórnsýsla	9
2.2 Menningar- og menntamál .....		10
2.2.1 Styrkleikar .....		10
2.2.1.1 .....	Menning Suðurnesja	10
2.2.1.2 .....	Viðburðir	10
2.2.1.3 .....	Stofnanir og innviðir	10

2.2.2	Veikleikar	10
2.2.3	Ógnanir	11
2.2.4	Tækifæri	11
2.2.4.1	.....Menning Suðurnesja	11
2.2.4.2	.....Viðburðir	11
2.2.4.3	..... Stofnanir og innviðir	11
2.2.4.4	..... Staðsetning og náttúra	11
2.3	Markaðsmál	11
2.3.1	Styrkleikar	11
2.3.1.1	.....Staðsetning	11
2.3.1.2	..... Menning	12
2.3.1.3	..... Einstök náttúra	12
2.3.1.4	..... Atvinnulíf	12
2.3.1.5	..... Innviðir og stofnanir	12
2.3.1.6	..... Jákvæð ímynd	12
2.3.1.7	..... Þekkt vörumerki	12
2.3.2	Veikleikar	12
2.3.2.1	..... Veik ímynd	12
2.3.2.2	.....Nafnaruglingur	12
2.3.2.3	..... Hrepparígur	12
2.3.2.4	..... Neikvæð fjölmiðlaumfjöllun	12
2.3.3	Ógnanir	12
2.3.4	Tækifæri	13
2.3.4.1	..... Skerpa ímynd svæðisins	13
2.3.4.2	..... Vinna betur saman	13
2.4	Samantekt	13
3	Stefnumótun, markmið og aðgerðir	14
3.1	Atvinnumál og nýsköpun	14
3.1.1	Álver og stóriðja í Helguvík	14
3.1.2	Efling fullvinnslu á sjávarfangi	15
3.1.3	Styrking flugvallarins og tengdrar starfsemi	17
3.1.4	Heilsutengd þjónusta	18
3.2	Menningar- og menntamál	19
3.2.1	Efling menntunar	19
3.2.2	Skilgreining á stofnunum	23
3.2.3	Efling tónlistarhefðar á Suðurnesjum	24

3.3	Markaðs- og ímyndarmál	25
3.3.1	Efling samstöðu og samvinnu	25
3.3.2	Efling ímyndar og sjálfsmýndar Suðurnesjanna og Suðurnesjamanna	26
3.3.3	Efling vitundar um umhverfis- og vottunarmál	27
3.3.4	Miðlun upplýsinga til ferðamanna	29
4	Samantekt.....	30
5	Lokaorð .....	31
6	Helstu heimildir.....	32

## Inngangur

Sóknaráætlanir landshluta eru eitt af lykilverkefnum Ísland 2020 sem samþykkt var í ríkisstjórn í janúar 2011. Markmið verkefnisins er, eins og segir í minnisblaði til ríkisstjórnar um málið „að einfalda og efla samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi, hagkvæmni, hlutlægni og skilvirkni við úthlutun og umsýslu fjárveitinga úr ríkissjóði sem ekki fara til lögbundinna verkefna í landshlutum.“ (Tillaga til ríkisstjórnar um sameiginlegan skilning Stjórnarráðsins að útfærslu Sóknaráætla landshluta árin 2012-2020, 2012). Þetta byggir á þeirri framtíðarsýn að þeir fjármunir sem Alþingi ráðstafar hverju sinni af fjárlögum til verkefna í einstökum landshlutum á sviði atvinnumála, byggða- og samfélagsþróunar byggi á sóknaráætlunun hvers landshluta og renni um einn farveg á grundvelli samnings til miðlægs aðila í hverjum landshluta. Til þess að svo megi verða þarf að forgangsraða verkefnum og áherslum hvers landshluta í gegnum sóknaráætlanir.

Þetta plagg er liður í þeirri vinnu og hér fyrir neðan gefur að líta sóknaráætlun Suðurnesja fyrir árin 2012 – 2020 í samræmi við ofangreind markmið.

Mikil vinna hefur farið fram á Suðurnesjum á undanförunum árum í þá átt að skilgreina styrkleika svæðisins og tækifæri til vaxtar. Sem dæmi má nefna í tengslum við vaxtarsamning sem undirritaður var árið 2010, við Þjóðfund sem haldinn var 2010, við IPA umsókn sem unnin var á árunum 2011-2012, í tengslum við gerð Svæðisskipulags Suðurnesja 2012 og á vegum Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar (Kadeco). Því var byggt á þeirri vinnu við vinnslu sóknaráætlunar og skerpt á henni á sérstökum vinnufundi í tengslum við aðalfund Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) 6. október 2012, sem nánar er greint frá í kafla 3, en vinnan við áætlunina er á ábyrgð og verksviði sambandsins sem helsta samstarfsvettvangs sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Út úr þessari vinnu varð plagg þetta til. Utanumhald um vinnu þess og undirbúningur og skipulag vinnufundarins var í höndum Kristins Tryggva Gunnarssonar, stjórnarformanns og ráðgjafa hjá Expectus og dr. Magnúsar Árna Magnússonar, dósents við Háskólann á Bifröst og ráðgjafa hjá Expectus.

## Framtíðarsýn

Fá svæði á Íslandi búa yfir jafnmiklum tækifærum til vaxtar og Suðurnes. Gjöfular auðlindir til lands og sjávar, góðar samgöngur, mikil náttúrufegurð, fjölsóttir ferðamannastaðir, öflugir innviðir, nálægð við höfuðborgarsvæðið og helsti alþjóðafflugvöllur landsins gera það að verkum að Suðurnes eru fyrsta flokks staður til búsetu og atvinnurekstrar. Framtíðarsýn okkar er að árið 2020 standi Suðurnes jafnfætis sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu í samkeppninni um fólk og fyrirtæki.

Til að svo megi verða þarf að hlú vel að atvinnulífi og íbúum svæðisins og snúa veikleikum svæðisins upp í tækifæri. Suðurnes þurfa að vera umhverfis- og fjölskylduvænt samfélag, aðlaðandi og öruggt, þar sem saman fari öflugt atvinnulíf, blómlegt menningarstarf, framúrskarandi skólastarf og góður jarðvegur fyrir nýsköpun, frumkvæði og skapandi hugsun.

Verkefni framundan eru að ná niður atvinnuleysi og renna styrkum stoðum undir öflugt atvinnulíf til framtíðar. Fjölga þarf fjölbreyttum atvinnutækifærum og vel launuðum störfum og stuðla að samstarfi fyrirtækja í skilgreindum klösum og auka erlenda sem innlenda fjárfestingu í atvinnulífi á Suðurnesjum. Auðlindir Suðurnesja skulu nýttar á sjálfbæran hátt í sátt við umhverfið, atvinnulífi og mannlífi á Suðurnesjum til heilla.

Hækka þarf menntunarstig á svæðinu, fjölga tækifærum til náms og bæta frammistöðu nemenda á öllum skólastigum. Einnig ber að renna frekari stoðum undir háskólakennslu og rannsóknir á Suðurnesjum og vinna að tengingu þeirra við atvinnulífið.

Bæta þarf samgöngur enn frekar, innan svæðis og við höfuðborgarsvæðið og gera þær umhverfisvænni. Rétt er að horfa til uppbyggingar lestarsamgangna í þeim efnum. Efla þarf samvinnu sveitarfélaganna á svæðinu og bæta þjónustuna við íbúana enn frekar.

Vinna þarf að vexti og viðgangi öflugs menningarlífs með auknu samstarfi milli menningarstofnana, eflingu þeirra stofnana sem fyrir eru og fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar, lista og menningartengdrar ferðaþjónustu.

Markmiðið er að Suðurnesin verði árið 2020, aflvaki hagvaxtar, velferðar og blómlegs mannlífs, Íslandi öllu til heilla.

## 2 Stöðugreining

Hér fyrir neðan fer fram greining á stöðu þeirra málaflokka sem áhersla verður á í sóknaráætluninni. Annarsvegar var farið í gegnum SVÓT-greiningu með starfsfólki Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og Heklungar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja og hinsvegar stuðst við þær greiningar sem hafa verið unnar á síðustu árum fyrir Suðurnesin. Að lokum er stutt yfirlit um niðurstöður greiningarvinnunnar.

### 2.1 Atvinnumál og nýsköpun

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"><li>• Mannauður og menning</li><li>• Sterkir innviðir og alþjóðaflugvöllur</li><li>• Auðlindir</li><li>• Staðsetning stutt frá höfuðborg</li><li>• Skilvirk stjórnsýsla</li><li>• Styrkar stoðir í atvinnulífi</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Veik ímynd</li><li>• Lágt menntunarstig og félagsleg vandamál</li><li>• Atvinnuleysi</li><li>• Hörð samkeppni við höfuðborgarsvæðið</li><li>• Hrepparígur</li></ul>
Ógnanir	Tækifæri
<ul style="list-style-type: none"><li>• Náttúruhamfarir</li><li>• Ofnýting auðlinda</li><li>• Óvissa í stjórnámálum</li><li>• Erfitt efnahagsástand</li><li>• Svört atvinnustarfsemi</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Sjálfbær nýting auðlinda</li><li>• Auðlindagarður</li><li>• Efling menntunar og rannsókna</li><li>• Bættar samgöngur</li><li>• Nýting Ásbrúar</li><li>• Nýsköpun í atvinnulífi</li><li>• Flugvöllurinn</li><li>• Staðsetning</li><li>• Aukin samvinna sveitarfélaga</li></ul>

#### 2.1.1 Styrkleikar

##### 2.1.1.1 Mannauður og menning

Mannfjöldi á Suðurnesjum var í ársbyrjun 2012 rúmlega 21.200 manns (Hagstofa Íslands, 2012) og hafði dregist lítillega saman frá árinu 2009, en árin þar á undan hafði íbúum fjölgað mikið. Á tímabilinu 1998 til 2009 fjölgaði íbúum um rúmlega 37% (Expectus, 2010, bls. 13). Rúmlega 64% af íbúum Suðurnesja er á vinnualdri (18-66 ára) og Suðurnes eru með hæsta hlutfall 17 ára og yngri en lægsta hlutfall 67 ára og eldri á landsvísu. (sama heimild bls. 6). Hlutfall erlendra ríkisborgara hefur verið talsvert yfir landsmeðaltali á Suðurnesjum, á milli 9% og 10% á meðn landsmeðaltalið er um 6,5%. Í ársbyrjun 2012 var hlutfallið 9% (Bygðastofnun, 2012, bls. 7). Að auki eru Suðurnes í stuttri og öruggri akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu, þannig að aðgangur að mannaði er mikill og góður. Öflugar menntastofnanir eru á svæðinu á öllum skólastigum og á Suðurnesjum hefur byggst upp mikil staðbundin þekking í þjónustu við flugvöllinn, bandarísku herstöðina, sjávarútveg, ferðamennsku og auðlindanýtingu. Á Suðurnesjum er einnig vagga dægurlagameningar á Íslandi og þar fer fram töluverð starfsemi í tengslum við hana, auk þess sem tónlistariðkun er almenn í tengslum við góða tónlistarmenntun á svæðinu. Einnig eru öflug íþróttafélög starfandi á Suðurnesjum og fyrsta flokks aðstaða til hverskonar íþróttaiðkunar. Mannlíf á Suðurnesjum er fjölbreytt og þar þrífst frumkvöðlaandi í umburðarlyndu og sveigjanlegu samfélagi. Um tugur safna er rekinn á Suðurnesjum sem tugþúsundir heimsækja á hverju ári (Expectus, 2010, bls. 69).

##### 2.1.1.2 Innviðir

Suðurnesin eru afar vel í sveit sett þegar kemur að innviðum. Þar er að finna helsta alþjóðaflugvöll landsins og má segja að Suðurnesin séu hliðið að landinu í þeim skilningi. Góðar hafnir eru á Suðurnesjum, m.a. stórskipahöfn í Helgúvík og greiðar samgöngur, bæði innan svæðis og við höfuðborgarsvæðið, en Reykjanesbrautin er orðin, eftir tvöföldun, einhver öruggasta og skilvirkasta samgönguæð landsins, enda er hún einn fjölfarnasti vegarkafli landsins utan þéttbýlis með ríflega tíuþúsund bíla á sólarhring milli Hafnarfjarðar og Voga og vinnusókn er mikil inn á höfuðborgarsvæðið og öfugt (Bygðastofnun, 2012, bls.

16-17). Engir hálendisvegir eru á Suðurnesjum og því nánast engar lokanir yfir vetrartímamann vegna veðurs. Mikið framboð er af húsnæði á Suðurnesjum, bæði atvinnu- og íbúðarhúsnæði og innviðir varnarsvæðisins eru öflugir. Á Suðurnesjum er góð aðstaða fyrir frumkvöðla í sérstökum frumkvöðlasetrum. Nýbúið er að vinna svæðisskipulag fyrir Suðurnesin þar sem sett eru fram markmið til eflingar innviða fyrir atvinnulíf (Samvinnunefnd um svæðisskipulag Suðurnesja, 2012).

#### 2.1.1.3 Auðlindir

Suðurnes búa að gjöfulem auðlindum til lands og sjávar en helstu náttúruauðlindir á Suðurnesjum eru grunnvatn, jarðhiti, einstakar jarðmyndanir, kaldur hreinn sjór og fiskimið. Auðlindir Suðurnesja eru mikilvægar fyrir framtíð Suðurnesja. Þær eru undirstaða atvinnuuppbyggingar, sjálfbærrar þróunar, og búsetu. Á Suðurnesjum er nóg landrými og loftrými, tvær jarðvarmavirkjanir, fjölbreytileg náttúra með einstæðum náttúrumyndum, mikið fuglalíf og víðsýni. Veðrið á Suðurnesjum er snjólétt og vindasamt, sem getur verið nýtanleg auðlind. Á Suðurnesjum er einnig að finna einn fjölsóttasta ferðamannastað landsins, Bláa lónið, sem einmitt byggir tilvist sína á auðlindanýtingu, en er orðinn auðlind í sjálfu sér.

#### 2.1.1.4 Staðsetning

Suðurnesin búa að því í staðsetningu sinni að stutt er á höfuðborgarsvæðið. Suðurnes eru jafnframt, sökum greiðra samgangna innan svæðis og þess hve afmarkað svæðið er, eitt atvinnusvæði. Það er einnig vel sett landfræðilega gagnvart þjónustu við allt Norður-Atlantshafsvæðið, t.d. í öryggis- og björgunarmálum eins og áratuga reynsla af rekstri herstöðvarinnar á Miðnesheiði sýnir fram á auk þess sem helsti millilandaflugvöllur landsins er á Suðurnesjum, eins og áður segir.

#### 2.1.1.5 Stjórnsýsla

Á Suðurnesjum eru öflugar og skilvirkar stjórnsýslustofnanir og svæðið býr að því að gott samstarf er á milli sveitarfélaga innan svæðis. Vaxtarsamningur var gerður við Suðurnesin í janúar 2010.

#### 2.1.1.6 Atvinnulíf

Atvinnulíf á Suðurnesjum einkennist af mörgum fámennum vinnustöðum. Meðal minni fyrirtækja er byggingastarfsemi, iðnaður og verslun og önnur viðgerðarþjónusta algengustu vinnustaðirnir en í stærri fyrirtækjum vega iðnaður og önnur opinber þjónusta þyngst (Expectus, 2010, bls. 21). Flugstöð Leifs Eiríkssonar er stærsti einstaki vinnustaður á Suðurnesjum. Á Suðurnesjum er starfandi atvinnuþróunarfélag.

### 2.1.2 Veikleikar

#### 2.1.2.1 Veik ímynd

Þær athuganir sem verið er að vinna af hálfu Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja benda til þess að Suðurnes hafi fremur veika ímynd.

#### 2.1.2.2 Mannauður og menning

Á Suðurnesjum hefur menntunarstig íbúa verið almennt lægra en í öðrum landshlutum. Það sem hugsanlega útskýrir lægra menntunarstig er að á svæðinu voru alltaf næg störf, meðal annars við fiskvinnslu og hjá varnarliðinu. Þeir sem störfuðu hjá varnarliðinu áttu kost á að vinna sig upp og sóttu ýmis námskeið á vegum varnarliðsins og fengu góða þjálfun sem telst ekki til prófgráðu. 69% einstaklinga á atvinnuleysisrá eru einungis með grunnskólamenntun en yfir landið allt er hlutfallið 49% (Velferðarvaktin, 2012, bls. 21). Hlutfall íbúa með háskólamenntun er 17,7% en landsmeðaltal er 33%. Á Suðurnesjum er hátt hlutfall félagslegra vandamála, öryrkja, vanskila og mikið af gjaldþrotum miðað við önnur svæði landsins (Velferðarvaktin, 2012, bls. 4). Frammistaða grunnskólanemenda á Suðurnesjum er almennt lökust á landsvísi, bæði í samræmdum prófum og PISA könnun (Expectus, 2010, bls. 28-32).

#### 2.1.2.3 Atvinnulíf

Á Suðurnesjum er hæsta skráða atvinnuleysi á landinu og hefur það verið svo frá árinu 2007. Atvinnuleysi á Suðurnesjum var 12,3% árið 2011, en á höfuðborgarsvæðinu, þar sem næst mesta atvinnuleysið mældist var hlutfallið 8,2% (Hagstofa Íslands, 2012). Þetta er tiltölulega ný staða á svæðinu því atvinnuleysi fylgdi jafnan landsmeðaltali áratugina þar á undan. Á móti kemur að atvinnuleysi hefur dregist hraðast saman á Suðurnesjum að undanförmu (Velferðarvaktin, 2012, bls.14). Laun eru líka undir landsmeðaltali á svæðinu (Hagstofa Íslands, 2012c).



#### 2.1.2.4 Staðsetning

Nálægðin við höfuðborgarsvæðið er að mörgu leiti blessun, en veldur því að Suðurnesin eru vissulega í harðri samkeppni við höfuðborgarsvæðið um fólk og fyrirtæki.

#### 2.1.2.5 Stjórnsýsla

Þó samstarf sveitarfélaganna á svæðinu sé með ágætum, hefur borið nokkuð á skorti á sameiginlegri stefnu og framkvæmd, sem rekja má til e.k. hrepparígs.

### 2.1.3 Ógnanir

#### 2.1.3.1 Náttúruhamfarir og ofnýting auðlinda

Suðurnes hvíla á virkri eldstöð með þeim ógnum sem því fylgja. Einnig er viss ógnun fólgin í ofnýtingu auðlinda og því mikilvægt að huga að því að þær séu nýttar með sjálfbærum hætti.

#### 2.1.3.2 Stjórnmal og efnahagsástand

Óvissa um mikilvæg verkefni tengd atvinnulífi á Suðurnesjum, eins og orkunýtingu og sjávarútvegi, tengist fyrst og fremst aðgerðum, aðgerðaleyzi og óvissu á stjórnmalasviðinu. Einnig er þróun efnahagsástandsins ógnun sem blasir við atvinnulífinu ef það þróast á verri veg á ný. Svarta atvinnustarfsemi má einnig nefna sem ógn tengda atvinnulífi.

### 2.1.4 Tækifæri

#### 2.1.4.1 Auðlindir

Tækifærin sem Suðurnesin standa frammi fyrir í auðlindanýtingu felast meðal annars í sjálfbærri nýtingu orku og Auðlindagarði, en sú hugmynd hefur verið útfærð í umsókn um IPA styrk til Evrópusambandsins.

#### 2.1.4.2 Mannauður og menning

Mikil tækifæri felast í því að efla menntunarstig á Suðurnesjum með uppbyggingu öflugra menntastofnana og rannsókna, svo og í því að hlúa að þeim sem fyrir eru. Í tengslum við slíka uppbyggingu var lagt í vinnu við umsókn um IPA styrk frá Evrópusambandinu fyrir það sem kallast Reykjanes Educational and Research Centre (RERC), eða Kennslu- og rannsóknarmiðstöð Reykjaness (KERR) á íslensku. Tilgangurinn er að vera vettvangur þjónustu og samráðs stofnaðila um eflingu menntunar og rannsókna á Reykjanesi, auk þess að hvetja til frumkvæðis og nýjunga í rannsókna og skólstarfi og aukinna tengsla menntunar og atvinnulífs.

#### 2.1.4.3 Innviðir

Tækifæri felast í bættum samgöngum, eins og tíundað er í Svæðisskipulagi fyrir Suðurnes frá 2012 (Samvinnunefnd um svæðisskipulag Suðurnesja, 2012) og uppbyggingu innviða í tengslum við Keflavíkurlflugvöll. Einnig er nýting innviðanna á Ásbrú mikilvægt verkefni sem býður upp á fjöldamörg tækifæri.

#### 2.1.4.4 Atvinnulíf

Undanfarin ár hefur mikil áhersla verið á tækifærin sem fólgin eru í aukinni nýsköpun á Suðurnesjum, ekki síst í starfandi fyrirtækjum, auk þess sem tækifæri eru til staðar í framleiðslu á matvælum og nýtingu nýrra tegunda og fullvinnslu í sjávarútvegi. Tækifæri eru einnig í heilsutengdri þjónustu og sjálfbærri starfsemi, sem nýtir umhverfisvæna orku. Tækifærin í tengslum atvinnulífs og flugvallarins eru mýmörg, auk þess sem góð aðstaða er til kvikmyndagerðar og tónlistarstarfs á Suðurnesjum. Ferðaþjónustan á svæðinu býður upp á fjölda tækifæra til að mynda í ráðstefnuhaldi, heilsutengdri ferðaþjónustu, fræðandi og menningartengdri ferðaþjónustu, t.d. jarðvarmagarði og uppbyggingu ferðamannasvæða.

#### 2.1.4.5 Staðsetning

Áður hefur verið farið yfir styrkleika staðsetningar Suðurnesja og í þeim felast tækifærin hvað hana varðar.

#### 2.1.4.6 Stjórnsýsla

Tækifærin í stjórnsýslunni felast fyrst og fremst í aukinni samvinnu sveitarfélaganna á svæðinu um uppbyggingu sjálfbærs og umhverfisvæns samfélags.

## 2.2 Menningar- og menntamál

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"><li>• Menning Suðurnesja</li><li>• Þekktir og rótgrónir viðburðir</li><li>• Góðir innviðir og öflugar stofnanir</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Skortur á fjármagni</li><li>• Rótleysi</li><li>• Skortur á að sjá tækifærin í menningunni</li><li>• Nálægð við höfuðborgarsvæðið</li><li>• Skortur á sjálfbærliðum í íþróttastarfi</li><li>• Veik sjálfsmynd</li><li>• Vantar þekkingu t.d. í tengslum við kvikmyndaverið</li><li>• Vantar kaffihús</li></ul>
Ógnanir	Tækifæri
<ul style="list-style-type: none"><li>• Samkeppni við höfuðborgarsvæðið</li><li>• Áhugaleysi</li><li>• Fjárskortur</li><li>• Gríðarlegt framboð á afþreyingu/samkeppni</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Menning Suðurnesja</li><li>• Staðsetning og náttúra</li><li>• Efla þá viðburði sem fyrir eru</li><li>• Hlú að stofnunum og innviðum</li></ul>

### 2.2.1 Styrkleikar

#### 2.2.1.1 Menning Suðurnesja

Suðurnesin byggja á gamalli og rótgróinni menningu, sem gjarnan er tengd sjósókn og sjómennsku. Á síðari tímum hefur tónlistin skipað veigamikinn sess í menningu Suðurnesja, sérstaklega dægurtónlistin, en þróunarsaga hennar er tengd staðsetningu bandarísku herstöðvarinnar, sem segja má að hafi verið sterkasti áhrifavaldurinn á menningu Suðurnesjanna allan síðari hluta tuttugustu aldar og skapað þeim allnokkra sérstöðu meðal íslenskra svæða. Einnig er mikil og sterk íþróttamenning á Suðurnesjum og öflug íþróttafélög, þar sem körfuknattleikur skipar veigamikinn sess. Í gegnum tíðina hefur verið rík hefð fyrir leiklistarstarfi, myndlist, hönnun og annarri listsköpun á Suðurnesjum og þar er einnig að finna sérstaka staðbundna matarmenningu, auk þess sem fjölbreyttur íbúahópur Suðurnesja veitir svæðinu fjölmenningarlegt svipmót.

#### 2.2.1.2 Viðburðir

Þó bæjarhátíðir séu ekki mjög gamalt fyrirbæri á Íslandi hafa helstu hátíðir Suðurnesja, Ljósanótt í Reykjanesbæ og Sjóarinn síkátí í Grindavík náð að vinna sér sess meðal öflugustu bæjarhátíða landsins, ásamt hátíðum á borði við Sólstöðuhátíð í Garði, Sandgerðisdaga og Bryggjudaga í Vogum. Að auki er listahátíð barna haldin árlega í Reykjanesbæ. Á Suðurnesjum er einnig staðið að þekktum íþróttaviðburðum á sviði knattspyrnu, körfuknattleiks, hjólríða og maraþonhlaups svo eitthvað sé nefnt.

#### 2.2.1.3 Stofnanir og innviðir

Um tugur safna er rekinn á Suðurnesjum sem tugþúsundir heimsækja á hverju ári (Expectus, 2010, bls. 69). Góð samvinna er þeirra á milli. Eins eru góðir og fjölsóttir tónlistarskólar reknir á svæðinu og menningarfulltrúar eru starfandi í öllum sveitarfélögum svæðisins. Góðir innviðir eru til staðar fyrir öflugum starfsemi í hinum skapandi greinum, bæði til hönnunar og framleiðslu, sýninga og flutnings og almennt góð aðstaða fyrir öflugt menningarlíf. Á Suðurnesjum stendur skortur á húsakosti menningarlífinu ekki fyrir þrifum. Menningarsamningur hefur verið í gildi milli svæðisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins síðan í apríl 2011.

### 2.2.2 Veikleikar

Helstu veikleikar sem nefna má til sögunnar eru skortur á fjármagni til menntamála, ákveðið rótleysi og skortur á að sjá tækifærin í menningunni. Nálægðin við höfuðborgarsvæðið með öllu sínu fjölbreytta afreyingarframboði er vissulega ákveðinn veikleiki. Skortur á sjálfbærliðum í íþróttastarfi er líka tilfinnanlegur, sem og veik sjálfsmynd Suðurnesjanna. Einnig vantar þekkingu á ýmsum sviðum menningarinnar t.d. í tengslum við kvikmyndaverið á Ásbrú. Einnig vantar fleiri kaffihús á svæðið.

### 2.2.3 Ógnanir

Ógnanir eru helstar hið gríðarlega framboð á afþreyingu/samkeppni frá höfuðborgarsvæðinu. Einnig áhugaleysi gagnvart menningu, sem og fjárskortur.

### 2.2.4 Tækifæri

#### 2.2.4.1 Menning Suðurnesja

Tækifærin eru fólgin í því að byggja á menningu Suðurnesjanna, t.d. dægurtónlistinni, sem er stór atvinnugrein víða.

Tækifærin í menningunni felast annars sérstaklega í því að finna hvað það er sem er sérstakt fyrir Suðurnesin og þannig finna okkar eigin "tón", t.d. í matarmenningu. Í SVÓT greiningunni voru trúarbrögð og kirkjumenning nefnd til sögunnar auk s.k. lúgumeningar, sem felst í hugkvæmnislegri nýtingu á bandarísku „drive-through“ söluaðferðinni.

#### 2.2.4.2 Viðburðir

Áður hafa bæjarhátíðir verið nefndar til sögunnar og íþróttaviðburðir. Tækifæri gæti verið fólgið í því að halda úti viðburðum að vetri jafnt sem sumri undir slagorðinu "Reykjanes allt árið".

#### 2.2.4.3 Stofnanir og innviðir

Mikil tækifæri eru fólgin í innviðum á Suðurnesjum, t.d. á Ásbrú. Þar má nefna hluti eins og kvikmyndaver, innviði sem henta fyrir hönnun, skapandi greinar og auðlindanýtingu. Eins má stuðla að aukinni samvinnu milli safna og sýninga. Vitar geta haft skemmtilegt aðdráttarafli og eins eru 4 golfvöllir staðsettir á Suðurnesjum.

#### 2.2.4.4 Staðsetning og náttúra

Áður hefur verið rætt um tækifærin sem felast í flugvöllinum og fjölbreyttri og sérstakri náttúru Suðurnesja. Norðurljósin sjást einnig vel á Suðurnesjum og geta þau skapað tækifæri í sérhæfðri ferðaþjónustu.

## 2.3 Markaðsmál

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"><li>• Staðsetning – hliðið að landinu</li><li>• Tónlistarmenning og íþróttahefð</li><li>• Einstök náttúra</li><li>• Jákvæð skírskotun til atvinnulífs</li><li>• Markaðsstofa</li><li>• Flugvöllurinn</li><li>• Jákvæð ímynd</li><li>• Þekkt vörumerki á Suðurnesjum</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Veik ímynd</li><li>• Er bara stoppistöð</li><li>• Nafnaruglingur</li><li>• Hrepparígur</li><li>• Neikvæð fjölmiðlaumfjöllun</li></ul>
Ógnanir	Tækifæri
<ul style="list-style-type: none"><li>• Efnahagsástandið</li><li>• Samkeppni sveitarfélaga á svæðinu</li><li>• Hörð samkeppni við höfuðborgarsvæðið, Suðurland og önnur svæði</li><li>• Pólitík og óvissa í kringum hana</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Vinna betur saman</li><li>• Greina betur markhópa</li><li>• Markaðsstefna til lengri tíma</li></ul>

### 2.3.1 Styrkleikar

#### 2.3.1.1 Staðsetning

Að vera með Keflavíkflugvöll, hliðið að landinu, setur Suðurnes í einstaka stöðu þegar kemur að tækifærum til markaðssetningar. Hversu stutt er til höfuðborgarsvæðisins gefur Suðurnesjum einnig ákveðið forskot í að markaðssetja sig gagnvart mannfjöldanum þar. Reykjanes eru þar að auki eitt atvinnusvæði og innan þess eru vegalengdir tiltölulega stuttar miðað við mörg önnur svæði landsins.

### 2.3.1.2 Menning

Tækifæri gætu falist í markaðssetningu tónlistarmenningar svæðisins, svo og íþróttahéðarinnar.

### 2.3.1.3 Einstök náttúra

Hin einstaka náttúra svæðisins býður upp á sérstakar upplifanir, t.d. í tengslum við jarðvarma og jarðminjar, hafið, rokið, vitana og fleira, auk þess sem Bláa Lónið er sennilega eitthvert þekktasta vörumerki landsins.

### 2.3.1.4 Atvinnulíf

Hægt er að markaðssetja svæðið með jákvæðum skírskotunum atvinnulífs þess, eins og sjávarútvegs, Bláa lónsins, Keflavíkurflugvallar og hinna fjöldamörgu og fjölbreyttu sprotafyrirtækja á svæðinu.

### 2.3.1.5 Innviðir og stofnanir

Á Suðurnesjum er starfandi markaðsstofa, auk þess sem flugvöllurinn býður upp á fjöldamörg tækifæri í markaðssetningu.

### 2.3.1.6 Jákvæð ímynd

Bæði menning og náttúra á Suðurnesjum hafa jákvæða ímynd, skv. rannsóknunum, þó hún sé nokkuð veik í huga landsmanna.

### 2.3.1.7 Þekkt vörumerki

Suðurnes búa yfir nokkrum sterkum og þekktum vörumerkjum eins og Keflavík, Reykjanes, Blue Lagoon eða Bláa Lónið, Ljósanótt, Sjóarinn síkátí og Leirur svo eitthvað sé nefnt.

## 2.3.2 Veikleikar

### 2.3.2.1 Veik ímynd

Eins og áður hefur komið fram er ímynd svæðisins óskýr útávið og innávið. Hætt er við að litið sé á Suðurnesin sem stoppistöð á för milli flugvallar og annarra svæða landsins.

### 2.3.2.2 Nafnaruglingur

Nokkuð ruglandi getur verið fyrir þá sem ekki þekkja til að mörg nöfn eru notuð yfir nánast sömu svæðin. Þannig eru Suðurnes og Reykjanes notuð jöfnum höndum og svo er nafnið Keflavík afar þekkt og oft notað um Reykjanesbæ. Þessi dæmi gera markaðssetningu svæðisins snúnari en ella.

### 2.3.2.3 Hrepparígur

Suðurnes eru ekki laus við átök í stjórnámálum, frekar en önnur svæði og stundum kemur innri samkeppni í veg fyrir að hægt sé að móta sameiginlega stefnu og sameiginlega sýn á markaðsmál svæðisins.

### 2.3.2.4 Neikvæð fjölmiðlaumfjöllun

Suðurnes glíma við það vandamál að fjölmiðlaumfjöllun um svæðið vill á stundum vera æði neikvæð. Að hluta til er það fylgifiskur þess að hýsa helsta alþjóðaflugvöll svæðisins, en stundum tengist það líka félagslegum vandamálum sem svæðið glímir við í kjölfar brottfarar bandaríska hersins árið 2006 og efnahagshrunsins 2008. Þannig eru glæpir, eiturlyf, gjaldþrot, atvinnuleysi, skuldavandi, fjöldi öryrkja og lágt menntunarstig oft í kastljósi fjölmiðla, auk þess sem umfjöllun um vandamál tengd móttöku flóttamanna hafa talsvert verið tíunduð að undanfögnu, en þeir tengjast svæðinu með þeim hætti að þeir eru hýstir í Reykjanesbæ á meðan unnið er úr hælisumsóknum þeirra, sem sökum fjárskorts og manneklu hjá Útlendingastofnun tekur jafnvel mörg ár. Þessi neikvæða umfjöllun erfiðar markaðssetningu svæðisins.

## 2.3.3 Ógnanir

Helstu ógnanir sem steðja að í markaðsmálum eru efnahagsástandið, sem getur orðið til þess að fjármagn sé skorið niður í markaðsmálum, auk harðrar samkeppni sveitarfélaga á svæðinu, sem og hörð samkeppni við höfuðborgarsvæðið, Suðurland og önnur svæði. Einnig má nefna óvissu í stjórnámálum sem ógnun í þessum málaflokki.

## 2.3.4 Tækifæri

### 2.3.4.1 Skerpa ímynd svæðisins

Tækifæri gætu verið fólgin í því að skerpa ímynd svæðisins, t.d. undir hvaða nafni við erum að markaðssetja það. Eins má huga að markaðssetningu svæðisins inn á við jafnt sem út á við.

### 2.3.4.2 Vinna betur saman

Tækifæri í því að sveitarfélögin móti sér sameiginlega sýn á markaðsmálin, vinni markaðsstefnu til lengri tíma og greini í sameiningu þá markhópa sem laða eigi að. Einnig mætti hugsa sér að svæðið í heild sinni mótaði sameiginlega samskiptaáætlun við fjölmiðla.

## 2.4 Samantekt

Ljóst er að gríðarleg tækifæri er að finna á Suðurnesjum í tengslum við auðlindanýtingu, menningu, ferðaþjónustu, sjávarútveg og starfsemi tengdri stöðu Suðurnesja sem “hliðinu að Íslandi”. Staðsetning svæðisins í jaðri höfuðborgarinnar er einnig hvort tveggja einn helsti styrkur þess og ákveðinn veikleiki, þar eð samkeppnin við höfuðborgarsvæðið er tilfinnanlegri sem því nemur. Margt er mjög gott og vel gert á Suðurnesjum og skiptir máli að hlú vel að því sem er, en einnig eru þar verulegir veikleikar sem vinna þarf bug á. Sá helsti er auðvitað atvinnuástandið, sem hefur verið erfiðara á Suðurnesjum en á öðrum svæðum landsins, lægra hlutfall menntaðs vinnuafls og félagsleg vandamál, sem tengjast atvinnu- og efnahagsástandinu sérstaklega. Suðurnes eru að mörgu leiti vel í stakk búin til að takast á við þessa erfiðleika og verður það helsta verkefni komandi ára.

## Stefnumótun, markmið og aðgerðir

Á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, 6. október 2012, var haldinn vinnufundur um markmið og verkefni í sóknaráætlun með þátttöku aðalfundafulltrúa og aðila sem voru kallaðir sérstaklega til í þá vinnu. Unnið var í 6 hópum um þrjú meginþemu, atvinnumál og nýsköpun, menningar- og menntamál og markaðs- og ímyndarmál. Hóparnir unnu fyrst í sitthvoru lagi, en voru síðan sameinaðir í þrjá, sem komu sér saman um forgangsverkefni og skiluðu af sér með kynningu í lok fundar.

Fyrir aðalfundinn hafði stjórn SSS komið sér saman um að fundarmenn skyldu hafa eftirfarandi markmið úr sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar Ísland 2020, til hliðsjónar í vinnunni, enda samræmast þau vel þeim verkefnum sem eru fyrirbyggjandi á Suðurnesjum:

- Að lækka hlutfall atvinnulausra úr 7% árið 2010 í 3% af heildarvinnuafli árið 2020
- Að lækka hlutfall íbúa með 75% örorkumat á aldrinum 18-66 ára úr 7,3% í 5,7% árið 2020
- Að hlutfall Íslendinga á aldrinum 25-64 ára sem ekki hafa formlega framhaldsmenntun fari úr 30% niður í 10% árið 2020
- Að 4% af landsframleiðslu sé varið til rannsókna, þróunar og nýsköpunar og að hlutfall framlags fyrirtækja verði 70% á móti 30% framlagi ríkisins í samkeppnissjóði og markáætlanir
- Að árið 2020 verði færni íslenskra grunnskólanemenda sambærileg við 10 efstu þjóðir samkvæmt OECD PISA rannsókninni á lesskilningi og læsi á stærðfræði og raungreinar

Ríkisstjórn Íslands samþykkti 27. nóvember 2012 úthlutun 400 milljóna króna í sóknaráætlanir landshluta fyrir árið 2013. Fjármagninu er deilt á átta landshluta og er þeim ætlað að ákvarða á grundvelli sóknaráætlana hvernig fjármagninu verður varið. Um er að ræða fé sem ætlað er að fullreyna það skipulag og vinnulag sem stýrinet allra ráðuneyta í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga hafa unnið sameiginlega að síðustu tvö ár. Af þessum fjármunum verður rúmum 45 milljónum varið á Suðurnesjum (Stjórnarráð Íslands, 2012). Hér fyrir neðan er m.a. að finna tillögu að skiptingu þessara fjármuna á verkefni sem tengjast markmiðum þeim sem samstaða hefur náðst um að leitast við að ná á Suðurnesjum.

### 3.1 Atvinnumál og nýsköpun

Í hópnum um atvinnumál og nýsköpun voru Árni Sigfússon, Reykjanesbæ, Böðvar Jónsson, Reykjanesbæ, Davíð Ásgeirsson, Garði, Eggert Sólberg Jónsson, SSS, Einar Tryggvason, Garði, Eysteinn Eyjólfsson, Reykjanesbæ, Gísli Heiðarsson, Garði, Guðmundur Pétursson, Samtökum atvinnurekenda á Suðurnesjum, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Sandgerðisbæ, Jóngeir Hlinason, Vogum, Magnús S. Magnússon, Sandgerði, Páll Jóhann Pálsson, Grindavík, Pétur Pálsson, Grindavík, Sigrún Jónsdóttir, Sandgerði og Sigurður Garðarsson, Samtökum atvinnurekenda á Suðurnesjum. Hóparnir komu sér saman um fjögur yfirmarkmið og eru þau listuð upp hér fyrir neðan í þeirri forgangsröð sem þátttakendur komu sér saman um í vinnunni. Í framhaldi eru listuð upp þau verkefni sem tengjast markmiðunum og sem lagt er til að farið sé í í tengslum við sóknaráætlun.

#### 3.1.1 Álver og stóriðja í Helguvík

Eins og fram hefur komið er umfangsmesta verkefnið sem Suðurnesjamenn standa frammi fyrir að minnka atvinnuleysi á svæðinu, sem er hlutfallslega það mesta á landinu og sannkallað böf. Stærsta verkefnið í atvinnumálum á Suðurnesjum er álver og stóriðja í Helguvík, en það verkefni hefur verið í undirbúningi lengi. Ekki er hægt að vinna í sóknaráætlun fyrir Suðurnes öðruvísi en að hugað sé að þessu stóra máli og hér fyrir neðan má finna tillögu að verkefni í tengslum við fyrsta og mikilvægasta yfirmarkmið Suðurnesjamanna að álverið verði reist.

Markmið 1.1	Álver og stóriðja í Helgúvík
Lýsing á úrbótartækifærinu	Ná þarf samkomulagi um orku og flutningsleiðir. Skoða mannaflabörf með tilliti til vinnuafis á svæðinu.
Lýsing á verkefni	Hagsmunaaðilar setjist niður og leysi sín mál. Samningar náist um orkuverð og flutningsleiðir. Greina stöðu samfélagsins í upphafi verkefnis.
Þátttakendur	Norðurál, kísilverið, framkvæmdaaðilar, sveitarfélög, ríkisvaldið og orkufyrirtæki.
Hlutverk SSS	Hagsmunaaðili og þarf að fylgja verkefninu eftir á sem bestan hátt sem mögulegt er.
Markmið um árangur	Skapi 350-400 vel launuð starf til lengri tími auk fjölda afleiddra starfa.
Tímarammi	Raunhæft er að verkefnið verði komið í fullan gang eftir þrjú til fjögur ár.

Heiti verkefnis	Verkefni 1.1.1. Rannsókn og greining á áhrifum stóriðju á samfélagið á Suðurnesjum
Stutt verkefnalýsing	Í tengslum við fyrirhugað álver og stóriðju í Helgúvík er lagt til að farið verði í það verkefni að greina áhrif stóriðju á samfélagið á Suðurnesjum og það verkefni verði á ábyrgð Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Rannsóknin verði fjármögnuð að fullu með fjármagni tengdu sóknaráætlun til að tryggja óhæði hennar. Verkefnið tengist því markmiði 20/20 áætlunarinnar að lækka hlutfall atvinnulausra úr 7% árið 2010 í 3% af heildarvinnuafli árið 2020.
Markmið	Að fyrir liggja greinargóð þekking á hugsanlegum áhrifum stóriðju á samfélagið á Suðurnesjum
Árangursmælikvarðar	Skýrslu sé skilað á réttum tíma
Áætluð staða verkefnisins í september – forsenda annarar greiðslu	Skýrslugerð lokið
Lokafurð – forsenda lokagreiðslu	Skýrsla um áhrif stóriðju á samfélagið á Suðurnesjum
Heildarkostnaður	3.000.000 kr.
- þ.a. framlag úr sóknaráætlunarsjóði	3.000.000 kr.
Ábyrgðaraðili	Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS)
Framkvæmdaaðili	SSS og aðkeypt vinna
Samstarfsaðilar	Norðurál, kísilverið, framkvæmdaaðilar, sveitarfélög, ríkisvaldið og orkufyrirtæki
Verktími	Apríl - september 2013
Sundurliðun kostnaðar	
Kostnaður við könnun og skýrsluskrif	1.800.000 kr.
Kostnaður við rýnihópagreiningu	1.200.000 kr.
<b>Alls</b>	<b>3.000.000 kr.</b>

Verkþættir 1.1.1.	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des
Gagnasöfnun										
Rýnihópagreining og könnun										
Ritun skýrslu										
Verklok										

### 3.1.2 Efling fullvinnslu á sjávarfangi

Suðurnesin eru sjávarútvegssvæði og því er mikilvægt að verðmæti þeirra aðfanga sem dregin eru úr sjó séu sem mest. Liður í sókn Suðurnesjanna í atvinnumálum er að vinna að því yfirmarkmiði.

Markmið 1.2	Efling fullvinnslu á sjávarfangi
Lýsing á úrbótartækifærinu	Áframvinna núverandi vörur og komast nær neytanda (vinna sem er unnin erlendis í dag) með bættri geymslu- og flutningatækni. 100% fullvinnsla þar sem tekið er allt annað, það sem í dag er hrat er unnið áfram. Auka fjármagn í tækniþróun í sjávarútvegi. Aðilar sem

	til þekkja hafa áhyggjur af mögulegum áhrifum hækkun veiðigjalds sem mun leiða til þess að ofangreind markmið nái ekki fram að ganga.
<b>Lýsing á verkefni</b>	Fullvinnsla annars vegar og áframvinnsla hins vegar. Getur komið með störf heim og skapað störf t.d. í tengslum við matvælaframleiðslu, snyrtivöruframleiðslu o.fl.
<b>Þátttakendur</b>	Fyrirtæki innan fullvinnslu- og sjávarútvegsklasans, sveitarfélög og viðkomandi ráðuneyti
<b>Hlutverk SSS</b>	Sjá til þess að skilyrði til vaxtar séu til staðar. Skapa grundvöll sem snýr að þjónustu sveitarfélaga og stuðning við fyrirtæki. Koma að samskiptum við stjórnvöld.
<b>Markmið um árangur</b>	Betri nýting á próteini. Leiðandi á Norður Atlantshafi. Auknar tekjur og fleiri störf.
<b>Tímarammi</b>	Tvö til þrjú ár

## Heiti verkefnis

### Verkefni 1.2.1. Efling fullvinnslu á sjávarfangi

Lagt er til að farið verði í það verkefni að koma á klasasamstarfi aðila í sjávarútvegi, sveitarfélaganna á svæðinu, annarra hagsmunaaðila og atvinnuvegaráðuneytis í samstarfi við íslenska sjávarklasann. Markmiðið er að samstarfinu verði komið á til frambúðar og að til að hrinda því í framkvæmd verði ráðinn verkefnastjóri í 50% starf út árið 2013. Gert er ráð fyrir að fyrirtæki og sveitarfélög liðsinni við þessa vinnu með því að leggja til starfshlutfall ákveðinna starfsmanna til að vinna með verkefnisstjóra, sem verður staðsettur í húsnæði Heklnnar í Eldey. Árangur verkefnisins verður rýndur og ákvörðun tekin með framhaldið í desember 2013.

#### Stutt verkefnalýsing

#### Markmið

Koma af stað klasasamstarfi um frekari fullvinnslu í sjávarútvegi með aðilum úr sjávarútvegi, sveitarfélagi og ríkisvaldi.

#### Árangursmælikvarðar

Að komið sé á reglubundið samstarf með föstum fundum ofangreindra aðila um eflingu fullvinnslu í sjávarútvegi.

#### Áætluð staða verkefnisins í september – forsenda annarar greiðslu

Reglulegir fundir séu komnir á.

#### Lokafurð – forsenda lokagreiðslu

Klasasamstarf um fullvinnslu í sjávarútvegi

#### Heildarkostnaður

10.000.000 kr.

#### - þ.a. framlag úr sóknaráætlunarsjóði

5.000.000 kr.

#### Ábyrgðaraðili

SSS

#### Framkvæmdaaðili

Heklan og aðkeypt vinna

#### Samstarfsaðilar

Fyrirtæki innan fullvinnslu- og sjávarútvegsklasans, sveitarfélög og viðkomandi ráðuneyti

#### Verktími

Hefst í apríl 2013

#### Sundurliðun kostnaðar

Umsýsla Heklnnar (50% starfshlutf. í 9 mán.) 2.600.000 kr.

Aðkeypt þjónusta 2.400.000 kr.

Starfsframlag fyrirtækja og sveitarfélaga 5.000.000 kr.

#### Alls

10.000.000 kr.

#### Verkþættir 1.2.1.

mar apr maí jún júl ágú sep okt nóv des

Ráðning verkefnisstjóra										
Stefnumótun klasa m. þátttöku hagsmunaaðila										
Reglulegir verkefnafundir										
Rýni og ákvörðun um framhald verkefnis										



### 3.1.3 Styrking flugvallarins og tengdrar starfsemi

Flugvöllurinn er fjölmennasti vinnustaður Suðurnesja og þjónusta í kringum hann er vaxandi, enda hefur umferð um flugvöllinn aukist jafnt og þétt. Tækifæri eru í eflingu klasasamstarfs um flugvöllinn.

Markmið 1.3	Styrking flugvallarins og tengdrar starfsemi
Lýsing á úrbótartækifærinu	Þörf er á styrkja alþjóðflugvöllinn, bjóða innanlandsflug velkomið, flytja Landhelgisgæsluna á flugvallarsvæðið, efla fólksflutninga og þjónustu tengda flugi og flugrekstri
Lýsing á verkefni	Tryggja að flugvöllurinn geti tekið við vaxandi fjölda fólks og tryggja honum rými til að vaxa. Vinna að fjölbreyttari tækifæri fyrir ferðamenn á Suðurnesjum. Styrkja innviði ferðaþjónustu á Suðurnesjum t.d. almenningsamgöngur. Sjá til þess að virðisaukinn af ferðamönnum verði eftir á svæðinu og markaðssetja svæðið sem eina heilda.
Þátttakendur	Flugvallaryfirvöld, ríkisvaldið, sveitarfélög, haghafar í greininni, Markaðsstofa Suðurnesja, Ferðamálasamtökin, Kadeco, Keilir, Isavia.
Hlutverk SSS	Samhæfingar og stefnumótunaraðili. Þrýstihópur.
Markmið um árangur	Auka umferð um völlinn og vera í stakk búin til að taka á móti auknum fjölda fólks með það að markmiði að skapa fjölbreyttari störf.
Tímarammi	Langtímaverkefni

Heiti verkefnis	Verkefni 1.3.1. Styrking flugvallarins og tengdrar starfsemi
Stutt verkefnalýsing	Lagt er til að farið verði í það verkefni að koma á klasasamstarfi aðila í sem tengjast starfseminni á flugvellinum og að innan ramma þess samstarfs verði mótað samstarf um nám í flugengdri þjónustu. Markmiðið er að samstarfinu verði komið á til frambúðar og að til að hrinda því í framkvæmd verði verkefnið falið starfsmanni Heklnnar í hlutastarfi út árið 2013. Gert er ráð fyrir að samstarfsaðilar liðsinni við þessa vinnu með því að leggja til starfshlutfall ákveðinna starfsmanna til að vinna með verkefnisstjóra, sem verður staðsettur í húsnæði Heklnnar í Eldey. Einnig er gert ráð fyrir aðkeyptri þjónustu við stefnumótun klasans. Árangur verkefnisins rýndur og ákvörðun tekin með framhaldið í desember 2013.
Markmið	Formlegt klasasamstarf. Nám í tengslum við atvinnustarfsemi í flugtengdri- og ferðaþjónustu.
Árangursmælikvarðar	Að haldnir séu reglulegir verkefnafundir með þátttöku ofangreindra aðila og að fyrir liggi áætlanir um samstarf um nám í flugtengdri þjónustu
Áætluð staða verkefnisins í september – forsenda annarar greiðslu	Að reglulegir verkefnafundir séu hafnir
Lokafurð – forsenda lokagreiðslu	Formlegt klasasamstarf. Nám í tengslum við atvinnustarfsemi í flugtengdri- og ferðaþjónustu.
